



229. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. febrúar 2025, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, og Sigurður Halldór Árnason.

Forföll: Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, boðaði forföll.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.30.

1. Fundargerð 228. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 228. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 22. nóvember 2024.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Umsögn vegna deiliskipulags vestan Kvernár í Grundarfjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna deiliskipulags vestan Kvernár í Grundarfjarðarbæ. Lesa má um málið í skipulagsgátt [hér](#).

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar vann drög að umsögn milli funda og sendi þau á nefndafólkið, sem gerði engar athugasemdir. Starfsmaður skilaði umsögn í skipulagsgátt 29. janúar.

Breiðafjarðarnefnd skoðaði umsögnina á fundinum og ræddi um skipulagstillöguna, sem er við verndarsvæði Breiðafjarðar.

3. Búðanes í Stykkishólmi

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur haldið áfram jarðvegsvinnu við Búðanes í þeim tilgangi að útbúa söguleið um svæðið. Lesa má um málið í frétt frá 6. nóvember 2024 á heimasíðu sveitarfélagsins [hér](#).

Landnýting á svæðinu hefur áður verið á borði Breiðafjarðarnefndar, sbr. umsögn Breiðafjarðarnefndar til sveitarfélagsins frá 17. janúar 2023 [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd ákvað á síðasta fundi að senda sveitarfélaginu fyrirspurn vegna jarðvegsmótunar innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar undirbjó drög og sendi þau á nefndarfólkið milli funda. Nefndarfólkið ræddi drögin og samþykkti þau á fundinum. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun senda erindið til sveitarfélagsins á næstu dögum.

4. Endurheimt Hraunsfjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Stíflan þjónar ekki lengur tilgangi en stendur enn og hindrar náttúruleg sjávarföll inn í fjörðinn.

Lesið má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar á heimasíðu nefndarinnar [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd fékk landeiganda við Hraunsfjörð á Snæfellsnesi á fund í nóvember 2024 og kynnti fyrir þeim hugmyndir um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar. Ákveðið var að nefndin tæki saman greinargerð um viðmið sín varðandi endurheimtarverkefnið, sem hún sendi í kjölfarið á landeigendum til skoðunar.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar undirbjó drög og sendi þau á nefndarfólk á milli funda. Nefndin ræddi drögin á fundinum og ákvað að gera minniháttar breytingar áður en skjalið verður sent til landeigenda.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun vinna að samþykktum breytingum og sendir nefndinni uppfærð drög til staðfestingar.

5. Framtíð Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd setti á fót vinnu um „framtíð Breiðafjarðar“ árið 2017 og skilaði skýrslu til ráðherra í ársbyrjun 2021. Í framhaldinu var skipaður stýrihópur um framtíð Breiðafjarðar sem skilaði af sér niðurstöðum í júlí 2024. Nefndin ræddi um framtíð Breiðafjarðar við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra á fundi í júlí 2024.

Breiðafjarðarnefnd ræddi næstu skref verkefnisins á fundi í september 2024 og samþykkti að undirbúa skýrslu þar sem nefndin tæki formlega afstöðu til tillagna stýrihópsins.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar undirbjó drög að skýrslu og sendi til nefndarinnar á milli funda. Skýrslan var rædd á fundinum og samþykkti nefndin hana með fyrirvara um að breyta nokkrum smáatriðum. Starfsmaður vinnur að breytingum og sendir uppfærð drög á formann Breiðafjarðarnefndar til staðfestingar áður en skýrslan verður send til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

6. Eignarhald eyja í Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd fékk fyrirspurn frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu vegna eignarhalds eyja á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Fyrirspurn ráðuneytis var lögð fram til kynningar á fundi Breiðafjarðarnefndar. Breiðafjarðarnefnd hefur ekki yfirlit eignarhalds eyja og ekki liggur fyrir að útbúa slíka skrá að svo stöddu.

7. Skipsflakið Blíða SH-277 á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd hefur haft til skoðunar málið er varðar skipsflakið Blíðu, sem sökk á Breiðafirði árið 2019.

Umhverfisstofnun, nú Náttúruverndarstofnun, ákvað árið 2024 að afturkalla kröfu um brottnám skipsins Blíðu af hafsbotni og sendi Breiðafjarðarnefnd beiðni um umsögn vegna málsins, sem nefndin svaraði 15. ágúst 2024. Stofnunin hefur nú úrskurðað að ekki beri að fjarlægja skipsflakið af hafsbotni Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Lokaúrskurður Umhverfisstofnunar/Náttúruverndarstofnunar lagður fram til kynningar.

8. Starfsskýrsla 2024

Fyrir liggur að ganga frá starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2024.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar upplýsti nefndina um stöðu verkefnisins. Gert er ráð fyrir að drög að skýrslunni verði tilbúin fyrir næsta fund.

9. Fjármál 2025

Fyrir liggur að gera fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar upplýsti nefndina um stöðu verkefnisins og mun leggja fram drög að áætlun á næsta fundi.

10. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur á Teams þann 4. mars 2025, kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.